

## Nokkrir minnisþingar um skattfrelsi bóta sjúkdómatrygginga

Til efnahags- og skattanefndar Alþingis  
Frá Krabbameinsfélagi Íslands

300. mál

1. Sjúkdómatryggingar hafa verið seldar hér á landi síðan 1995. Fimm íslensk tryggingafélög og sennilega þrjú erlend félög hafa selt tryggingarnar og litið svo á að ekki beri að greiða tekjuskatt af bótum úr þessum tryggingum. Þannig voru tryggingarnar kynntar og seldar í 14 ár, án athugasemda af hálfu skattayfirvalda.
2. Rík hefur hefð hefur skapast og traust á að þessi framkvæmd sé í samræmi við vilja löggjafans. Væntanlega hefur skattfrelsið verið ein forsenda kaupa á þessum tryggingum hjá stórum hluta tryggingatakana.
3. Tryggingatakar eru um 45.000 hjá íslenskum fyrirtækjum og um 15.000 sem keypt hafa tryggingu hjá erlendum fyrirtækjum. Gera má ráð fyrir að á bak við flesta tryggingataka séu börn og makar. Íslendingar á aldrinum 25 til 64 ára eru nú 165.856, en þeir sem sjúkdómatryggingar ná til eru sennilega a.m.k. um 65-70.000. Algengast er að fólk kaupi sér þessa tryggingu á aldrinum 25-40 ára, þá í mörgum tilvikum með ung börn á framfæri. Um þriðji hver vinnandi Íslendingur er talinn tryggður með þessum hætti, og er því hér engan veginn um sértryggingu fárra velmegandi að ræða.
4. Í mörgum þeirra landa sem búa við kerfi almannatrygginga og félagslegt samþjálparkerfi í anda norræna velferðarkerfisins eru sambærilegar tryggingar seldar og eru þar skattfrjálsar, má þar nefna hin norrænu löndin, Kanada, Holland og Bretland.
5. Á vegum Krabbameinsfélags Íslands hefur verið safnað gögnum um þá sem fengið hafa greiddar bætur úr sjúkdómatryggingum. Þetta er í mjög mörgum tilvikum fólk með meðaltekjur eða lágur tekjur, en miklar skuldbindingar m.a. vegna náms eða íbúðarkaupar. Þeir sem eru ekki vel staddir fjárhagslega vilja hafa borð fyrir báru og tryggja sig því sérstaklega með þessum hætti.
6. Margir þeirra sem hafa fengið þessar bætur greiddar búa við miklar fjárhagslegar áhyggjur. Ekki er um beina eignamyndun hjá þeim að ræða heldur hafa bæturnar þegar verið nýttar vegnasjúkdómsins sem tryggt var fyrir. Greiðslugeta vegna óvæntrar skattlagningar er oft lítil sem engin. Kostnaður við að greinast með erfiðan sjúkdóm eins og krabbamein hefur farið vaxandi hér á landi síðustu árin og dæmi eru um útgjöld sem nema hátt í eina milljón króna fyrstu mánuðina eftir sjúkdómsgreiningu.
7. Ef nú ætti að taka upp skattlagningu þessara bóta til þess að allir njóti sömu réttinda, og að ekki verði til aðrar tryggingar en hinar opinberu og að við búum ekki við

neins konar kerfi viðbótartrygginga, væri eðlilegast að það yrði gert með endurskoðun allra sambærilegra bótagreiðslna. Þá þyrfti annað hvort að taka upp skattlagningu t.d. á lífftryggingum eða leggja allar slíkar sértryggingar af, svo dæmi séu nefnd.

8. Sjúkdómatryggingar eru ólíkar sjúkratryggingum almannatrygginga og þær skapa ekki mismunun við aðgengi að heilbrigðisþjónustunni.
9. Almennt gildir sú meginregla að tvískatta ekki. Þeir sem kaupa sér sjúkdómatryggingu greiða fyrir hana með tekjum sínum, sem hafa verið skattlagðar. Þegar iðgjöld eða greiðslur í sjóði njóta skattfrelsis, eins og t.a.m. greiðslur frá atvinnurekendum í sjúkrasjóði stéttarféлага, eru útgreiðslur ekki skattfrjálsar. Annar munur er sá að bætur sjúkdómatrygginga eru eingreiðslur (svipað og t.d. dánarbætur og miskabætur) ætlaðar til að auðvelda þeim áfallið sem greinast með mjög alvarlega sjúkdóma. Greiðslur úr sjúkrasjóðum eru hins vegar mánaðarlegar og ætlaðar til að mæta tekjutapi.
10. Ríkið hefur til skamms tíma ekki haft tekjur af skattlagningu bóta úr sjúkdómatryggingum. Ef þessar bætur verða skattlagðar bresta forsendur margra fyrir því að kaupa þær. Því yrði ávinningurinn fyrir ríkið af skattlagningunni léttvægur.
11. Margir skjólstæðingar Krabbameinsfélags Íslands hafa leitað til félagsins með áhyggjur sínar af þróun þessa máls. Það er þyngra en tárur taki að þessir einstaklingar, sem fengið hafa bætur sjúkdómatrygginga greiddar, skuli nú óttast bakreikninga og búi við algera óvissu til viðbótar sjúkdómsáfalli.
12. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur ályktað nokkrum sinnum undanfarið ár um skattfrelsi bóta sjúkdómatrygginga og hefur komið sjónarmiðum sínum til efnahags- og skattanefndar og til þingmanna. Hefur stjórnin m.a. lagt áherslu á að málið verði afgreitt hið fyrsta, svo að allri óvissu sé eytt áður en einstaklingar telja fram til skatts nú á vormánuðum.
13. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands lítur á þetta mál fyrst og fremst sem mannúðar- og réttlætismál og treystir því að þingmenn sjái málið sömu augum. Því er ítrekuð sú ósk að þingmenn tryggi brautargengi frumvarpi um skattfrelsi bóta úr sjúkdómatryggingum fyrir alla tryggingartaka, bæði þá er greiddu iðgjöld síðustu 15 árin og þá sem kunna að gera það í framtíðinni.

Reykjavík, 9. mars 2011

Ragnheiður Haraldsdóttir  
forstjóri Krabbameinsfélags Íslands

## ■ Alþjóða líftryggingafélagið

# Býður sjúkdómatryggingu

Alþjóða líftryggingafélagið býður nú nýja tegund persónutrygginga sem hefur hlotið nafnið sjúkdómatrygging. Hún greiðir bætur til þess sem er tryggður við greiningu á ýmsum alvarlegum sjúkdómum eða þurfa að fara í miklar aðgerðir. Meðal þeirra sjúkdóma sem tryggingin nær til eru hjartaáfall, hjarta-skurðaðgerð, kransæðastífla, kransæða-uppskurður, krabbamein, heilaáfall og nýmabilun. Innifalið í tryggingunni án aukagjalds er trygging fyrir börn á aldrinum 3-18 ára og eru þau tryggð fyrir sömu sjúkdómum og aðgerðum og foreldrar þeirra. Löggjöld fyrir þá sem ekki

reykja eru lægri en reykingafólks. Sé líftrygging innifalin er hægt að veita hvort sjúkdómatrygging greiði helming eða fullar líftryggingarbætur vegna sjúkdóma eða aðgerða. Sjúkdómatryggingu er ætlað að styðja þá sem greinast með alvarlega sjúkdóma eða þurfa að fara í alvarlegar aðgerðir. Með slíkri tryggingu er hægt að bæta tekjumissi um lengri eða skemmri tíma og þann aukna kostnað sem fylgir alvarlegum sjúkdómum. Bæturnar nýtast að fullu því þær eru greiddar út í einu lagi og eru undanþegnar tekjuskatti.

Alþýðublaðið, 27. október 1995.

## Vátryggingarsamningar

3. mgr. 61. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004:

„Þegar rætt er um líftryggingu í þessum hluta laganna er einnig átt við heilsutryggingu án uppsagnarréttar nema annað sé tekið fram.“

Úr athugasemdum við 61. gr. frumvarps til laga um vátryggingarsamninga, sem lagt var fram á 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 215, 204. mál:

„Í 3. mgr. er sérstaklega mælt fyrir um að þegar rætt sé um líftryggingu í þessum hluta laganna sé einnig átt við heilsutryggingu, nema annað sé tekið fram. Undir heilsutryggingar fellur sjúkdómatrygging án uppsagnarréttar. Fer því um slíkar heilsutryggingar samkvæmt þeim reglum sem gilda um líftryggingar ...“

## Tekjuskattur

Úr 28. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003 (óbreytt frá lögum nr. 40/1978):

„Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna ...

2. Eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu.“

Krabbameinsfélagið, 9. mars 2011.